

Fundargerð fulltrúaráðs

84. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn 21. maí 2010 kl.
13.00 í slökkvistöð Selfossi

Mættir:

Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, Margrét Sigurðardóttir, Ingvar G. Ingvarsson, Gunnar Marteinson, Snæbjörn Sigurðsson, Eyþórs Arnalds, og Guðni Pétursson.

Einnig mætti á fundinn:

Einar Sveinbjörnsson frá KPMG og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð.

1. Samstarfsmál

Formaður kynnti samkomulag við Hveragerðisbæ, dags. 21.5.2010, um vöktun á svæði BÁ sem tilheyrir Ölfus og þjónustu vegna eldvarnaeftirlits í Hveragerði. Samningurinn gildir til 15. apríl 2011. Samningstíminn skal notaður til að leita hagræðingar í rekstri slökkviliðanna með samvinnu til framtíðar sem markmið.

Samningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða

2. Reikning BÁ fyrir 2009

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi frá KPMG kom á fundinn og skýrði reikninga ásamt slökkviliðsstjóra.

Helstu niðurstöður eru þessar:

Rekstrartekjur	100.144.850 kr.
Rekstrargjöld	91.010.575 kr.
Fjármagnsgjöld	9.293.340 kr.
Rekstrartap	- 159.065 kr.
Heildareignir	146.027.146 kr.
Skuldir og skuldbindingar	125.780.783 kr.
Eigið fé	20.246.363 kr.
Veltufé frá rekstri	15.887.456 kr.

Eftir umræður var reikningur borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Húsnæðismál

Formaður greindi frá fundi sem hún, slökkviliðsstjóri og lögfræðingur BÁ sátu að boði Íslandsbanka þann 19. maí s.l. þar sem fulltrúar bankans greindu frá stöðu mála varðandi hús Björgunarmiðstöðvarinnar við Árveg 1 Selfossi.

Fram kom að bankamenn munu láta klára húsið og vilja leigja BÁ og Hsu þá hluta sem áður hafði verið samið um við fulltrúa Björgunarfélags Árborgar. Á fundi með bankamönnum var lagður fram samningur sem fulltrúar BÁ og fulltrúar Björgunarfélagsins gerðu með sér 8. des. 2007. Var hann lagður fram til grundvallar frekari samningi.

Eftir miklar umræður var eftirfarandi samþykkt:

Fulltrúaráð Brunavarna Árnessýslu samþykkir að vinna áfram að samningi um leigu á húsnæði Björgunarmiðstöðvar við Árveg.

Fulltrúaráð leggur þó áherslu á að áður en gengið er til samninga sé heildarlausn komin fyrir öll rými hússins.

Fulltrúaráð telur eina af forsendum fyrir leigu vera að upphafs hugmynd um Björgunarmiðstöð í Árborg standi.

4. Önnur mál

Slökkviliðsstjóri greindi frá þeirri vinnu sem slökkviliðsmenn hefðu unnið við hreinsunarstörf á gossvæðinu undir Eyjafjöllum.

Hann sagði vinnuna erfiða en mjög gefandi fyrir þá sem þátt tóku í verefninu.

Íbúar svæðisins tóku þeim mjög vel eins og vænta mátti af þeim.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.10

**Margrét K. Erlingsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Ingvar G. Ingvarsson,
Gunnar Marteinson, Snæbjörn Sigurðsson, Eypór Arnalds,
Guðni Pétursson, Kristján Einarsson**